



Borgarráð

Reykjavík, 24. september 2024

MSS24090135

## Tillaga um Jólaborgina 2024

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið verði í verkefnið Jólaborgin 2024. Verkefnið verði til þess að halda áfram þeirri vegferð að byggja Reykjavík markvisst upp sem jólaborg á næstu árum með tilheyrandi skreytingum og viðburðum. Kostnaður vegna verkefnisins er 10 milljónir króna og komi af liðnum ófyrirséð, 09205.

### *Greinargerð:*

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að auka vegferð Reykjavíkur sem jólaborg. Á hverju ári er bætt við ljósaskreytingum yfir myrkustu mánuðina og í tengslum við jólahátíðina. Þá hefur ýmsum vinsælum nýjungum verið bætt við jólahaldið í borginni svo sem Jólakettinum, Jólavættunum, jólatréssölu á Lækjartorgi, jólamörkuðum, jólaskreytingum og viðburðahaldi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, Árbæjarsafni, Elliðaárdalnum og Seljatjörn. Þá hafa verið veittir styrkir úr sérstökum jólaborgarpotti fyrir ýmis konar viðburðahald í miðborginni í desember. Markmiðið hefur verið að festa miðborg Reykjavíkur í sessi sem áfangastað í jólamánuðinum fyrir Reykvíkinga og gesti, innlenda sem erlenda.

Mikil sóknarfæri eru fyrir Reykjavík sem áfangastað að vetrarlagi og tímabært að auka kraftinn í þessari vegferð og bæta við skreytingum og ljósum á Austurvelli og Kvosinni, auka viðburðahald í miðborginni og efla samstarf við aðra hagaðila svo sem rekstraraðila og ferðaþjónustuaðila. Fulltrúar borgarinnar í viðburðahaldi munu vinna verkefnið með umhverfis- og skipulagssviði í samstarfi við hagaðila, miðborgarsamtök og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ásamt fjölmörgum veitingastöðum og verslunum sem halda úti starfsemi í hjarta borgarinnar.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri



Reykjavík